inn að upphæð 537 — fimm hundruð þrjátíu og sjö — krónur 45 aura. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans.

Föstudaginn 12. desember 1941.

Nr. 93/1941. **Oddur Helgason** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Kristján Guðlaugsson).

Innheimta skattgjalda.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurðinn hefur upp kveðið Bjarni Pálsson fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóvember þ. á., hefur krafizt ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði og að synjað verði um framkvæmd lögtaks þess, er krafizt var, og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Þeir þrír aðiljar, áfrýjandi, Ernst Halsör og h/f Kveldúlfur, slógu sér saman um leigu á skipi Ole Solbjörgs gegn greiðslu ákveðinnar mánaðarleigu. Í málinu er það að vísu komið fram, að Ole þessi Solbjörg hafi gert kröfu til hluttöku í rekstrarágóða af leiguafnotum skipsins á hendur áðurnefndum þremur aðiljum eða einstökum þeirra. En gegn mótmælum áfrýjanda eru engar sönnur leiddar að hluttöku Solbjörgs í ágóða eða tapi af nefndri starfrækslu þeirra samkvæmt skipsleigusamningnum, og verður téður Ole Solbjörg því eigi talinn félagi í fyrirtæki hinna þriggja áðurnefndra aðilja.

H/f Kveldúlfur telur sig hafa ráðstafað ágóðahlut sínum til 30 nafngreindra manna, án þess að séð verði, að menn þessir ættu að bera nokkra áhættu af starfrækslunni. Þessir

menn verða því eigi taldir félagar í starfsemi áðurnefndra aðilja.

Samkvæmt framanskráðu verða þeir þrír aðiljar samkvæmt skipsleigusamningnum að teljast hafa verið einir félagar um áðurnefnda skipsleigu, og eiga þeir þegar af þeirri ástæðu rétt á að telja með öðrum tekjum sínum til skatts ágóða sinn af skipsleigunni, samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 6/1935. Ber því að fella fógetaúrskurðinn úr gildi og synja um framgang lögtaksins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 30. október 1941.

Árið 1941 lagði skattstjórinn í Reykjavík á „Útgerð e/s Eldoy" c/o Oddur Helgason, Þingholtsstræti 34 hér í bæ, kr. 49054.20 í tekju- og eignarskatt, og kr. 9090.00 í stríðsgróðaskatt, sem með 10% skattauka á tekju- og eignarskattinn, eða kr. 4905.42, nemur samtals kr. 63049.62. Upphæð þessi féll í gjalddaga á manntalsþingi í Reykjavík 15. ágúst s. l., en nokkru seinna tilkynnti gerðarþoli tollstjóranum, að hann mundi ekki greiða upphæð þessa án úrskurðar dómstólanna, og beiddist tollstjórinn þá lögtaks hjá gerðarþola, og hefur málið verið sótt og varið hér fyrir réttinum og var tekið til úrskurðar 24. þ. m.

Aðiljar hafa gert í málinu þær kröfur, sem hér segir:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að lögtakið nái fram að ganga fyrir allri þinggjaldskröfunni. Umboðsmaður gerðarþola mótmælir framgangi lögtaksins í heild, en til vara gerir hann þá kröfu, að það nái ekki fram að ganga fyrir hærri upphæð af hinum álagða skatti en gerðarþola að réttu beri að greiða, miðað við þær tekjur, sem hann hafi haft af félagsrekstrinum. Umboðsmenn beggja aðilja hafa krafizt málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þessir:

Um mánaðamótin október—nóvember árið 1940 tóku þeir Oddur Helgason, Ernst Halsör og h/f Kveldúlfur vélskipið Eldoy á tímaleigu í því skyni að flytja ísvarinn fisk til Englands. Umsaminn leigutími var 3 mánuðir, og afgjaldið ákveðið pr. mánuð. Sam-

kvæmt samkomulagi þátttakenda skyldi h/f Kveldúlfur fá helming væntanlegs hagnaðar, en hinn helminginn áttu þeir Oddur og Halsör að fá til jafns, og tapi skyldi jafna í sömu hlutföllum. Er sýnt var, að hagnaður yrði á fyrirtækinu, kveður gerðarþoli h/f Kveldúlf hafa ákveðið að láta sinn hluta hagnaðarins ganga til fastra starfsmanna sinna auk nokkurra annara ákveðinna manna. Lét h/f Kveldúlfur skattstjóranum í té, jafnframt framtali sínu, nöfn þessara manna, ásamt upplýsingum um, hve mikinn hluta úr hundraði hver þeirra skyldi fá af ágóðanum, sem til félagsins félli. Var ætlazt til þess, að menn þessir greiddu persónulega tekjuskatt hver af sínum hluta, er hann þannig fékk, ásamt öðrum tekjum sínum, og jafnframt kom fram ósk um það, að þeir Oddur og Halsör yrði einnig skattlagðir persónulega út af þessum viðskiptum. Skattstjórinn lagði aftur á móti tekju- og eignarskattinn á samtökin í einu lagi, eins og áður segir, og þessu vill gerðarþoli ekki hlíta.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar byggir gerðarþoli á því,

1. *að* 3. gr. skattalaganna taki eigi til slíkra samtaka, sem hér um ræðir,
2. *að* gerðarþoli beri ekki ábyrgð nema á nokkrum hluta skattsins, miðað við þær tekjur, sem hann hafi haft af félagsrekstrinum (varakrafan).

Um 1) Í 3. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935 um tekju- og eignarskatt segir svo undir staflið c, að tekjuskatt skuli greiða „önnur félög ..., sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi ..." sbr. reglugerð nr. 133 28. desember 1936, 4. gr. 3 staflið, og í 15. gr. sömu laga segir, að eignarskatt skuli allir þeir greiða, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af eftir lögunum. Kemur þá hér til álita, hvort samtök þau, sem hér um ræðir, séu félag í merkingu skattalaganna. Lögin skýrgreina ekki, hvað átt er við með orðunum „önnur félög", hvort þar er aðeins átt við félög í merkingu félagsréttarins eða einnig önnur samtök. En af eðli þeirra samtaka, sem hér um ræðir, verður séð, að um samningsbundna, fjármunalega samvinnu ákveðinna manna að sameiginlegu marki er að ræða, og samtökin falla því undir skýrgreiningu félagsréttarins á félagi í víðtækustu merkingu. Þar eð samtökin beindust auk þess að því að afla ágóða til skiptingar meðal félagsmanna, verður að álíta, að skattalögunum sé einmitt ætlað að ná til slíkra samtaka, og sé því hér um að ræða félag, sem skattskylt er eftir 3. gr., staflið c., tekju- og eignarskattslaganna. Gerðarþoli hefur að vísu haldið því fram, að samtökin hafi verið of losaraleg og hafi staðið of skamman tíma til þess að geta kallazt félag. Á þetta verður ekki fallizt. Samtökin voru milli ákveðinna aðilja og beindust að ákveðnu marki, og því marki var náð.

Um 2). Engin ástæða virðist vera hér fyrir hendi, sem réttlætt

gæti þá kröfu gerðarþola, að ábyrgð hans sé ákveðin „pro rata". Skipting taps og gróða í ákveðin hlutföll meðal félagsmanna verður að skoðast sem ákvæði, er snertir einungis afstöðu þeirra innbyrðis, enda liggur ekkert fyrir í málinu, sem bent gæti til annars en að ábyrgð allra félagsmanna sé bein og persónuleg.

Úrslit málsins fyrir réttinum verða þá samkvæmt framansögðu þau, að hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga að öllu leyti. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. desember 1941.

Nr. 95/1941. **Adolph Bergsson** (Sjálfur)
gegn
Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur og **gagnsök** (Guðmundur I. Guðmundsson).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Þóknun fyrir öflun lánstilboðs.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. nóv. þ. á., krefst þess **aðallega**, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 13812.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 11. ágúst 1941, til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð eftir mati hæstaréttar. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 14. nóv. þ. á., krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi hans eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi og formaður gagnáfrýjanda virðast snemma á þessu ári hafa orðið á það sáttir, að aðaláfrýjandi aflaði tilboða um lán handa gagnáfrýjanda jafnframt tilraunum til útvegunar láns handa félagi því, sem aðaláfrýjandi svarar